

# Afstaða nemenda í 10. bekk til Norðurlandamála




Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, Tungumálaveri Kárlindur Oddsdóttir, Deild erlendra tungumála við Háskóla Íslands

Oft heyrir að danska sé ekki vinsæl námsgrein í íslenskum grunnskólum, að Færeyingar séu nánast tvítyngdir og að danska sé helsta samskiptamálið á Grænlandi. Undanfarin þrjú ár höfum við staðið fyrir verkefni með það að markmiði að kortleggja stöðu dönsku og að hluta til annarra norrænna tungumála (norsku og sænsku) á eyjunum í Atlantshafinu. Rannsóknin var framkvæmd með rafrænum spurningalista og beindist fyrst og fremst að viðhorfi nemenda til dönsku sem skyldunámsgreinar og notagildis hennar í framtíðinni. Úrtakið var 55 nemendur frá Grænlandi, 69 frá Færeyjum og 495 frá Íslandi. Þar af voru 64 nemendur í norsku og sænsku.

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr könnun sem gerð var í öllum þremur löndum á vormisseri 2016 og byggir á svörum nemenda á lokaári

## Afstaða nemenda til dönsku og norsku/ sænsku sem skyldunámsgreina



grunnskóla. Gengið er út frá svörum nemenda og hvernig þeir gera grein fyrir reynslu sinni og skynjun af ýmsum þáttum dönskukennslu, en ekki gafst tækifæri til að fylgja svörunum eftir með viðtölum.

**Mynd #1** sýnir að afstaða ungmenna á lokaári í vest-norrænum grunnskólum er að jafnaði frekar jákvæð í garð dönsku/norrænna tungumála sem skyldunámsgreina.

Nemendur sem læra norsku og sænsku eru eingöngu í íslenskum skólum. Áberandi er að þeir nemendur ásamt grænlenskum nemendum eru *mjög jákvæðir* gagnvart norrænu tungumálunum. Milli 10 og 20% færeyskra og íslenskra nemenda eru *mjög jákvæðir* gagnvart dönsku. Yfir 50% grænlenskra nemenda eru *jákvæðir* og sama á við um liðlega 30% færeyskra og íslenskra dönskunemenda, sem og sænsku- og norskunemenda. Álíka fjöldi grænlenskra, færeyskra og íslenskra dönskunemenda er *hlutlaus*. Fleiri íslenskir dönskunemendur en aðrir nemendur sem þátt tóku í könnuninni eru *frekar neikvæðir* og *neikvæðir*.

**Notagildi dönsku:** Niðurstöður frá öllum þremur löndunum staðfesta að ungmennin líta á Norðurlöndin sem vænlegan vettvang hvað varðar menntun og atvinnu í framtíðinni. Flestir færeysku nemendurnir, eða milli 80 og 90%, gera sér góða grein fyrir notagildi dönskunnar í fjölþættu samhengi. Sama á við um grænlenska nemendur þegar kemur að möguleikum til menntunar og atvinnu, og gera þeir sér ljóst að þeir komist ekki til mennta nema hafa vald á dönsku eða öðru Norðurlandamáli en yfir 80% þeirra eru *mjög jákvæðir* og *jákvæðir*. Um 70% íslenskra dönskunemenda eru jákvæðir gagnvart dönsku. Íslenskir norsku- og sænskunemendur hafa sérstöðu þar sem yfir 90% þeirra eru *mjög jákvæðir* og *jákvæðir*.

**Áhersla á munnlega færni:** Í opnum svörum nemenda leggja þeir áherslu á hve mikilvægt þeir telja að fá þjálfun í að hlusta og ná færni í að skilja dönsku. Enn fremur kemur ítrekað fram að þeir vilja fá tækifæri til að æfa sig í talmáli í kennslustundum. Margir telja mikilvægt að *dönskukennsla fari fram á markmálinu* (dönsku/norsku/sænsku) og að *þeir komist í beint samband við talmálið eins og það er notað í samhengi* (kontekst), t.d. í kvikmyndum, tónlist og vefmiðlum. Þetta á einkum við um nemendur frá Íslandi og í grænlenskum byggðum utan höfuðstaðarins sem sjaldan heyra dönsku í daglegu lífi. Svör nemenda gefa til kynna ýmislegt um kennslu í hverju landi og forsendur talþjálfunar.

Dæmi um svör nemenda:

„Við tölum ekki svo mikla dönsku, við hlustum meira. Þá getur kennarinn ekki gefið okkur einkunn, því hann heyrir okkur mjög sjaldan tala dönsku“. (Færeyskur nemandi).


„Ég vil annars tala dönsku í hverjum dönskutíma en ég er hræddur um að gera vitleysur og fer hjá mér út af því“. (Grænlenstur nemandi).

„Mér finnst bara kjánalegt að það sé kennt okkur að skrifa áður en við kunnum málið. Fyrst á að kenna manni að tala og skilja þegar aðrir tala og framburðinn í Danmörku, annars er tilgangslaust að læra hana ef við getum ekki talað hana“. (Íslenskur nemandi).

„Ég tala ekki beint í netkennslunni, ég skrifa. En ef ég á erfiðleikum með eitthvað hringi ég til kennarans og tala við hana á sænsku“. (Íslenskur sænskunemandi).


„Þegar ég hringi til kennarans eða sendi inn upptökur“. (Íslenskur norskunemandi).

**Forgangsröðun:** Fram kemur í svörum ungmennanna að misræmi er á milli þess sem nemendur vilja að lögð sé áhersla á og þess sem þeir upplifa í kennslustundum.




**Mynd #2** sýnir mat íslenskra dönskunemenda á því sem gert er í kennslustundum.

Mest áhersla er lögð á færniþættina lestur og ritun. Að mati langflestna nemenda er minnst áhersla lögð á munnleg samskipti í kennslustundum.




**Mynd #3** sýnir að íslenskir nemendur vilja draga úr lestri og ritun. Þeir vilja auka tal / samskipti (kommunikation) og hlustun þar sem raunverulegt talmál er notað í samhengi (kontekst).

**Danskt talmál í kennslustundum.**



**Mynd #4** sýnir þá skoðun / skynjun íslenskra nemenda, að margir kennarar tala dönsku einungis af og til. Hluti nemenda nefnir að kennslan fari eingöngu fram á íslensku og aðrir að markmálið (da/no/sæ) sé alltaf notað í kennslustofunni. Af því má skilja að til-  
tölulega fáir kennarar tala eingöngu dönsku eða eingöngu íslensku. Mjög er því misjafnt í hvaða mæli markmálið er notað í kennslustofunni til samskipta milli kennara og nemenda annars vegar og nemenda á milli, hins vegar.





**Mynd #5** sýnir hversu mikla æfingu nemendur telja sig fá í að tala dönsku í skólanum í löndunum þremur. Íslenskir nemendur koma verst út úr þessu mati. Fjórdungur þeirra telur sig sjaldan eða aldrei fá tækifæri til að tala dönsku í skólanum. Nemendur í norsku og sænsku fá sérstök munnleg verkefni í fjarkennslu sem þeir skila í síma eða á rafrænu formi.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eru 10% þátttakenda í íslenska hluta könnunarinnar. Þeir greina frá því að þar sem t.d. íslenska er kennslumálið verða þeir að nota tvö erlend tungumál auk eigin móðurmáls í dönskunáminu.



Dæmi um hvað nemandi reynist erfitt:

„Framburðurinn. Og líka það að kennararnir láta þér að skrifa orðin íslenska. Fyrir mig og ábbygilega mörg börn sem móðurmálið þeirra er ekki íslenska fyndist erfitt að skilja markt af íslenskum orðum. Svo að ég held að það ætti að vera örðuvísi efni fyrir krakka frá öðru landi. Því að það er erfitt að læra 2 tungumál í einu, og ég mein það er eitt af sú efiðustum hlutum sémi ég hef upplifað í skóla.“

**Sjálfsmat nemenda á eigin færni**



Myndir #6 og #7 sýna að nemendur í sænsku og norsku á Íslandi sýna mest sjálfsöruggi í mati á eigin færni í markmálinu og ensku. Nemendur í dönsku á Íslandi sýna minnst sjálfsöruggi í mati á eigin færni í dönsku en eru snöggjum öruggari með sig þegar kemur að sjálfsmati á færni í ensku. Færeyingar meta sig hæst allra í dönsku en eru ekki eins brattir þegar kemur að færni í ensku. Grænlandskir nemendur sýna tiltölulega mikið sjálfsöruggi í mati á eigin færni í dönsku en lítið í ensku.



Mynd #8 sýnir að tími til kennslu í dönsku er afar mismunandi í þessum þremur löndum. Tími sem ætlaður er til náms í norrænum tungumálum innan skólakerfa er áberandi lægstur á Íslandi. Flesta tíma fá grænlandskir nemendur, enda læra þeir dönsku frá fyrsta bekk. Auk þess eru ýmsar aðrar greinar kenndar á dönsku af dönskum kennurum. Færeyingar byrja dönskukennslu í þriðja bekk og er ætlaður ákveðinn tímafjöldi á hvern nemanda á grunnskólaferlinum.



Mynd #9 dregur fram að verulega hallar á tímafjölda sem ætlaður er til dönskukennslu á Íslandi. Ef sanngirnir væri gætt varðandi skiptingu heildartímafjölda sem ætlaður er til kennslu í erlendum málum fengju bæði tungumálin jafn mikinn tíma.

**Samantekt**

Meirihluti nemenda á lokaári grunnskólans er jákvæður gagnvart dönsku sem skyldunámsgrein.

Nemendur óska eftir auknum tíma til hlustunar, talmálþjálfunar og samskipta á markmálinu í öllum þremur löndum.

Kennsla á markmálinu gerir nemendum með annað móðurmál en íslensku auðveldara fyrir í dönskunáminu.

Fæstir nemendanna hafa bein persónuleg tengsl við Norðurlöndin en flestir hafa heimsótt eitt eða fleiri þeirra.

Stór hluti nemenda telur að Norðurlönd geti í framtíðinni verið ákjósanlegur kostur til náms og vinnu.

Íslenskir nemendur virðast hafa meiri tiltrú á eigin færni í ensku en jafnaldrar þeirra í Færejum og Grænlandi, en minnsta í dönsku.

Mun minni tími er veittur til kennslu í dönsku en ensku í íslenskum grunnskólum, eða 40% af þeim tímafjölda sem ætlaður er til kennslu erlendra tungumála í grunnskóla.

Höfundar þakka öllum kennurum og nemendum sem lögðu verkefninu lið.